



Forsætisráðuneytið
Lækjargata
101 Reykjavík
for@for.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 15. mars 2023

Efni: Umsögn SI um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga, mál nr. 59/2023

I. Inngangur

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform forsætisráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga, mál nr. 59/2023. Samtökin fagna þessum áformum og telja þau tímabær. Samtökin styðja allar fyrirhugaðar lagabreytingar sem fram koma í áformunum. SI þakka fyrir gott samtal við vinnslu tillagna starfshóps forsætisráðherra um atvinnuréttindi útlendinga, sem áformin nú taka mið af.

II. Um mannauðspörf

Ísland á í harðri samkeppni við aðrar þjóðir um hæfileikaríkt fólk. Hér á landi eru spennandi tækifæri og möguleiki á farsælu lífi en geta Íslands til þess að taka á móti og laða að erlent starfsfólk hefur ekki verið nægilega góð til þess að styðja við íslensk fyrirtæki sem þurfa á sérhæfðum mannauði að halda til að vaxa.

Í nýlegri könnun á vegum SI svöruðu 50% þátttakenda, félagsmanna SI, því játandi að skortur á mannauði myndi líklega hefta vöxt síns fyrirtækis lítið til næstu fimm ára. Skortur á mannauði nær því yfir greinar iðnaðar, framleiðsluiðnað, mannvirkjaiðnað og hugverkaiðnað.

Þá hafa SI um árábil bent á nauðsyn þess að liðkað verði fyrir komu erlendra sérfræðinga til Íslands. Samtökin taka undir það sem fram kemur í tillögum starfshópsins, að íslenskt samfélag eigi mikið undir að vel takist til með breytingar á núverandi fyrirkomulagi í dvalar- og atvinnuleyfaumsóknum fyrir erlent starfsfólk.

SI hafa sérstaklega greint mannaflapörf í hugverkaiðnaði en líkt og fram kemur í tillögum starfshópsins hafa SI áætlað að á næstu fimm árum þurfi allt að 9000 sérfræðinga til starfa í hugverkaiðnaði eigi vaxtaáætlanir að ná fram að ganga. Hugverkaiðnaður hefur vaxið mikið undanfarin ár en á síðasta ári námu útflutningstekjur hugverkaiðnaðar 239 milljörðum í samanburði við 127 milljarða árið 2017. Á sama tíma hefur samkeppni um hæft starfsfólk í heiminum aukist. Margir þættir spila þar inn í, aukinn hreyfanleiki starfsfólks og aukin þörf á sérhæfingu eftir því sem tækninni fleygir fram.



Til viðbótar framangreindri þörf er ljóst að mikinn og sérhæfðan mannafla þarf til að tryggja uppbyggingu innviða í íslensku samfélagi og mæðir þar mest á að íslenskt menntakerfi geti annað eftirspurn atvinnulífsins eftir nýliðun í iðn- og tæknigreinar. Hafa umbætur verið gerðar á íslensku iðnmenntakerfi til að auka skilvirkni þess og gæði. Staðan er hins vegar sú að íslenskur iðnaður hefur þurft að reiða sig á, í miklu mæli, erlent starfsfólk til að mæta auknum umsvifum í mannvirkjagerð og mun þörfin aukast enn frekar í komandi verkefnum, þá ekki síst tengt orkuskiptum sem heimurinn allur er að vinna að.

Samtökin fagna því að verið sé að taka skref í áttina að því að mæta betur þörf íslenskra fyrirtækja fyrir erlent starfsfólk en jafnframt meta með kerfisbundnum hætti menntunar-, færni- og mannaflapörf í íslensku atvinnulífi. Slík greining gagnast hvoru tveggja við að skipuleggja og forgangsráða í íslensku menntakerfi sem og við móttöku erlends starfsfólks.

III. Um áformin

Samtökin lýsa stuðningi við allar þær breytingar sem fyrirhugaðar eru skv. áformaskjalinu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 80/2016, sem þjóna bæði þeim tilgangi að auðvelda fyrirtækjum að ráða hingað til lands hæft starfsfólk frá öðrum löndum samhliða því sem einstaklingar fá aukin tækifæri til að dvelja hér og leita nýrra tækifæra ef svo ber undir. Samtökin fagna jafnframt að bæta eigi aðgengi maka erlends sérfræðings að innlendum vinnumarkaði sem allra fyrst enda engin haldbær rök fyrir því að maki sérfræðings sem flytur hingað til lands fái ekki atvinnuleyfi og tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum til íslensks samfélags.

Þá er því sérstaklega fagnað að til standi að samþætta umsóknarferli og hraða afgreiðslu umsókna. Eins og fram kemur í tillögum starfshópsins, sem liggja til grundvallar áformunum, er einfalt, skjótt og skilvirkt umsóknarferli lykilsenda þess að Ísland geti talist eftirsóknarverður kostur fyrir erlent vinnuafli. Í dag tekur alltof langan tíma að fá afgreidda umsókn um dvalar- og atvinnuleyfi fyrir sérfræðing að utan. Í tillögum starfshópsins kemur einnig réttilega fram að flest fyrirtæki sem sækja um dvalar- og atvinnuleyfi fyrir erlendan sérfræðing greiði fyrir það sérstakt flýtimeðferðargjald. Þrátt fyrir þetta getur tekið allt upp undir hálfu ári að fá afgreitt atvinnuleyfi fyrir erlendan sérfræðing sem er of langur tími bæði fyrir fyrirtækið sem hyggst ráða inn starfskraft og fyrir eftirsóttan erlendan starfskraft sem stendur frammi fyrir því að flytjast búferlum til nýs lands og taka ákvörðun um að byrja í nýju starfi.

Samkvæmt félagsmönnum Samtaka iðnaðarins er helsta flöskuhálsinn í ferlinu að finna hjá Útlendingastofnun og en stofnunin hefur bent á að oftast sé því um að kenna að ekki hafi rétt gögn borist með umsókn. Samtökin furða sig á þessari fullyrðingu þar sem stór fyrirtæki sem þaulvön eru í að ráða erlenda sérfræðinga og hafa á sínum snærum sérhæft starfsfólk til þess að sjá um atvinnu- og dvalarleyfisumsóknir kvarta yfir of löngum afgreiðslutíma og tyrfnu umsóknarferli. Þetta eru fyrirtæki á borð við Controlant, Marel og CCP.

Í tillögnum er miðað við að afgreiðsla almennra umsókna taki ekki meira en mánuð sem væri mjög ásættanlegt að mati samtakanna og myndi gerbreyta möguleikum íslenskra fyrirtækja til þess að laða að sérhæft starfsfólk. SI hafa bent á að útfæra mætti umsóknarferlið með þeim hætti að aðilar gætu lagt inn umsókn og fengið skilyrt samþykki með fyrirvara um þau gögn sem krafist er til staðfestingar á tilteknum upplýsingum. Myndi það gera aðilum kleyft að leggja



inn umsókn um leið og áform um slíkt liggja fyrir og fá hana samþykkt með fyrirvara um þau gögn sem tekið getur tíma að afla, s.s. opinber vottorð eða skírteini.

Samtökin eru sömuleiðis hlynnt því að hægt verði að sækja um fjölskyldusameiningu á grundvelli fleiri tegunda útgefinna starfsleyfa en er í dag. Í þessu samhengi vilja samtökin benda á að nauðsynlegt er að bæta upplýsingagjöf varðandi umsóknir um fjölskyldusameiningu þar sem margir umsækjendur hafa rekið sig á að tiltaka ekki sérstaklega að óskað sé eftir fjölskyldusameiningu þegar gjald vegna flýtimeðferðar er greitt og þá hefur fjölskyldusameining tafist fram úr hófi sem er miður.

IV. Skattahvatar fyrir erlenda sérfræðinga

Að lokum vilja samtökin benda á að í greinagerð starfshóps forsætisráðherra sem vísað hefur verið til var ekki fjallað um skattahvata fyrir erlenda sérfræðinga en þeir þjóna mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að laða hæft starfsfólk til landsins. Ísland á í harðri samkeppni við önnur lönd um sérhæft starfsfólk. Vegna þessarar alþjóðlegu samkeppni hafa mörg lönd gripið til þess ráðs að innleiða hvatakerfi fyrir erlenda sérfræðinga þar sem aðilinn fær frádrátt í tiltekin árafjöldi frá hluta skattgreiðslna. Slíkir hvatar voru innleiddir hér á landi með lögum um breytingu á ýmsum lögum til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti en með þeim var tekjuskattslögum breytt þannig að 25% af tekjum erlends sérfræðings sé undanþeginn tekjuskatti fyrstu þrjú árin í starfi. Markmiðið samkvæmt reglugerð sem sett var á grundvelli laganna „er að laða að erlenda sérfræðinga sem búa yfir nauðsynlegri þekkingu og hæfni til starfa hér á landi og með því að gera fyrirtækjum auðveldara fyrir að fá til sín slíka aðila svo að ekki þurfi að fara með viðkomandi starfsemi úr landi.“

Sækja þarf um heimild til frádráttar á heimasíðu Rannís og metur sérstök nefnd hvort umsækjandi teljist sérfræðingur í skilningi laganna og hvort skilyrði þeirra séu uppfyllt að öðru leyti. Umrætt hvatakerfi hefur ekki virkað sem skyldi vegna þess að matið á því hver telst sannarlega erlendur sérfræðingur hefur reynst ógagnsætt og ófyrirsjáanlegt og því geta fyrirtæki ekki gefið vilyrði fyrir skattfrádrættinum í ráðningarferlinu. Þá er skattfrádrátturinn hér á landi ekki lengur samkeppnishæfur við önnur lönd sem bjóða mörg hver upp á hærra frádráttarhlutfall og yfir lengra tímabil. Auk þessa er fresturinn til þess að sækja um frádráttinn óþarflega skammur. Þetta veldur því að fyrirtæki hafa í auknum mæli opnað starfsstöðvar erlendis eða ráðið til vinnu verktaka erlendis sem sjá ekki hag sinn í að flytjast búferlum til Íslands.

Samkvæmt samanburðargreiningu sem ráðgjafaskrifstofan Deloitte vann á síðasta ári um skattahvata á milli landa hefur erlendur sérfræðingur með um 2 milljónir króna á mánuði þrisvar sinnum meiri ábata af því að flytja til Finnlands, Svíþjóðar eða Danmerkur þar sem öflugri skattahvatar auk annarra fríðinda eru fyrir hendi. Samanburðargreiningin hefur ekki verið birt opinberlega en starfshópur forsætisráðuneytisins um atvinnuréttindi útlendinga hefur fengið eintak. Hvetja samtökin stjórnvöld til að huga að þessu samhliða núverandi áformum um breytingar á dvalar- og atvinnuleyfum.



V. Lokaorð

Samtökin fagna áformum um lagabreytingar og tillögum starfshóps forsætisráðherra um atvinnuréttindi útlendinga. Samtökin leggja jafamt áherslu á samhliða þeim tímabærum umbótum sé mikilvægt að huga heildstætt að aðlögun aðila af erlendum uppruna að íslensku samfélagi og að leitast sé við að tryggja nægjanlegt framboð af öruggu húsnæði og aðgengi að skólum sem mætt geta fjölbreyttum þörfum nýrra íbúa. Íslensk stjórnvöld ættu að kappkosta við að búa svo um hnútana að þau sem flytjast hingað til lands dvelji um lengra skeið og lykill að því er að tryggja að fjölskyldur erlends starfsfólks njóti sín hér á landi.

Samtökin áskilja sér rétt til þess að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum málsins. Sem fyrr eru SI boðin og búin að eiga samtali við stjórnvöld varðandi framkvæmd breytinga og leggja áherslu á að áform um breytingar nái fram að ganga sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

Handwritten signature of Sigríður Mogensen in blue ink.

Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs

Handwritten signature of Björg Ásta Þórðardóttir in blue ink.

Björg Ásta Þórðardóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs